

Fundargerð

160. stjórnarfundur 12. ágúst, 2025 kl. 11:00 Vesturborg

Fundarmenn: Hjördís Sigursteinsdóttir, Guðmundur Kristján Óskarsson, Ingibjörg Sigurðardóttir Auðbjörg Björnsdóttir og Stefán Guðnason.

Fundarritari: Stefán Guðnason

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Stofnanasamningur - kjaramál

Stjórn FHA lýsir yfir miklum vonbrigðum með að heilt ár sé liðið frá því að skrifað var undir kjarasamning en engin hreyfing er komin á mál stofnanasamningsins. Óskað verður eftir fundi með rektor til að fara yfir framvinduna.

Ákveðið að boða til opins fundar með félagsmönnum eftir fundinn með rektor. Stefnt að 29. ágúst fyrir opinn fund.

3. Samstarf við FH og FPR

FPR óskuðu eftir fundi með formanni FHA og FH til að ræða sameiningu félaganna.

Hugmyndin er enn á grunnstigi þó viss félög séu komin lengra í hugmyndinni en önnur.

Stjórn FHA tekur jákvætt í hugmyndina og formaður mun sitja í samstarfsnefnd til að fara yfir möguleikana í stöðunni.

4. Önnur mál

Formaður upplýsti hvað fór fram á fundi formanns með fulltrúum félaganna FH, FÍN og FPR. Þar var haldið áfram að vinna með endanlega útfærslu af samstarfssamning og var það sett í hendurnar á lögfræðingi FÍN að klára þau mál.

Ekki fleira rætt, fundi slitið 12:50